

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Klukkuvellir nr. 4-8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Klukkuvellir nr. 4-8, Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að lóðastærðir húsanna við Klukkuvelli nr. 4-8 minnka og stallast frá norðvestri til suðausturs. Byggingarreitur dýpkar um 1 metra og jafnframt breytist fyrirkomulag bílastæða á tveimur lóðum. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,2 í 0,55. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 15. ágúst 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 15. ágúst 2007